

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 119/1992. **Ákærvaldið**

(Atli Gíslason saksóknari ad hoc)

gegn

**Páli Guðfinni Harðarsyni**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Söluskattur. Staðgreiðsla opinberra gjalda. Skyldusparnaður. Fjárdráttur. Fjársvik. Skilasvik. Tékkar. Fyrning.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

#### I.

Tildrög máls þessa eru þau, að samkvæmt 4. mgr. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 vakti skiptaráðandi í Kópavogi með bréfi 13. júlí sama ár athygli ríkissaksóknara á hugsanlegum refsilagabrotum stjórnar og forsvarsmanna Byggingafélagsins Hamra hf. Að ósk ríkissaksóknara 2. ágúst 1989 hóf Rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins sumarið 1989, og stóð hún fram í maí 1990. Ákæra var út gefin 25. janúar 1991, og hófst meðferð fyrir héraðsdómi 21. febrúar 1991, og var ákæra birt 13. mars sama ár, en nokkrar tafir urðu síðan á meðferð málsins, svo sem nánar er gerð grein fyrir í héraðsdómi. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir Byggingafélaginu Hömrum hf., fyrirtækinu Hömrum hf., Grundarfirði, og loks Versluninni Hömrum, Kópavogi, og tengslum ákærða við þau. Tvö fyrstnefndu fyrirtækin hafa verið lýst gjaldþrota, svo sem greinir í héraðsdómi. Fram er komið, að ákærði var lýstur gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar 31. mars 1989, og var skiptameðferð á búi hans lokið 9. október 1991 með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

## I. kafli ákæru.

## A. Brot á lögum um söluskatt:

Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er þennan lið varðar, en ákærði sýknu.

Þessi ákæruliður er byggður á söluskattsskýrslum, sem gerðar eru eftir gögnum úr bókhaldi Byggingafélagsins Hamra hf. og Verslunarinnar Hamra, Kópavogi. Hvorki er tölulegur ágreiningur um úrlausn héraðsdóms né um söluskattsskyldu fyrirtækjanna. Fallast ber á það með héraðsdómi, að ákærði hafi borið ábyrgð á söluskattsskilum fyrirtækjanna. Í ljós er leitt, að þetta vanrækti hann, en samkvæmt 1. mgr.-25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, er þá voru í gildi, var þetta refsivert, sbr. 6. mgr. sömu greinar, og ber að refsa honum samkvæmt því, sbr. til hliðsjónar 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. in fine 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## B. Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda:

Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms samkvæmt þessum lið, en auk þess sakfellingar ákærða fyrir að standa ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir októbermánuð 1988, 523.287 krónum.

Ákærði krefst sýknu. Sérstaklega er því haldið fram, að staðgreiðsla fyrir októbermánuð hafi verið áætluð af skattyfirvöldum, og hafi áætlunin verið send ákærða og honum gefinn frestur í tíu daga til að gera skriflegar athugasemdir og fullnægjandi skilagrein. Byggingafélagið Hamrar hf. hafi orðið gjaldþrota, áður en þeir dagar voru liðnir. Áætlunin, sem hér er vísað til, er ódagsett.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda ber launagreiðanda að skila skilagrein mánaðarlega, enda þótt engin greiðsla fylgi. Samkvæmt 21. gr. sömu laga skal skattstjóri áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda, sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka 20. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum. Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. er gjalddagi fyrsta hvers mánaðar, en eindagi 14 dögum síðar. Þegar til þess er litið, að áætlun skattstjóra er ódagsett, verður með tilvísun til lagaákvæða þeirra, sem hér hafa verið rakin, að leggja

til grundvallar frásögn ákærða um, að byggingafélagið hafi verið orðið gjaldþrota, áður en frestur sá var liðinn, er skattyfirvöld höfðu sett honum til fullnægjandi skilagreinar. Ber því að sýkna hann af því ákæruefni að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra galda októbermánaðar 1988. Háttsemi hans að öðru leyti samkvæmt þessum tölulið er réttilega heimfærð í héraðsdómi og ákæru til 1. og 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987.

C. Brot á ákvæðum laga um skyldusparnað ungs fólks til íbúða-bygginga og almennum hegningarlögum:

Ákæruvaldið fellst á tölulega afgreiðslu héraðsdóms samkvæmt þessum lið og heimfærslu brota hans til ákvæða laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. nú 115. gr., sbr. 125. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, en fellst ekki á, að ákvæði þessi tæmi sök gagnvart 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði krefst sýknu, þar sem brot hans samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins séu fyrnd.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, gekkst ákærði undir sektargreiðslu í sakadómi Kópavogs 6. september 1989 varðandi brot á lögum nr. 60/1984 og reglugerð nr. 92/1985 vegna vanskila á skyldusparnaði Péturs M. Ólafssonar, 15.675 krónum. Lækkar fjárhæð samkvæmt þessum lið ákæru sem þessu nemur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að sök ákærða samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun sé fyrnd. Ákærði hefur játað að hafa ekki skilað skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., versluninni Hömrum í Kópavogi og Hömrum hf., Grundarfirði. Hann hafi gert þetta til að halda fyrirtækjunum gangandi. Er þannig fram komið, að ákærði notfærði sér fjármuni, sem hann hafði í sínum vörslum, en átti ekki. Fellur brot hans sjálfstætt undir verknaðarlýsingu 247. gr. almennra hegningarlaga, og verður ekki fallist á, að ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins tæmi hér sök, enda hafa þau ákvæði sjálfstætt gildi, þegar brot felst eingöngu í því að halda ekki eftir skyldusparnaði. Ber því að refska ákærða fyrir brot á 247. gr.

D. Tékkabrot:

Ákæruvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms varðandi þessi brot og fellst á sýknu vegna tékka samkvæmt 13. lið.

Ákærði krefst frávísunar vegna tékka samkvæmt liðum 1-7 og

sýknu vegna tékka samkvæmt liðum 8-12, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Ákærði heldur því fram, að hann hafi sjálfur látið loka tékkareikningum þeim, sem um er getið í ákæru, en bankinn hafi ekki lokað reikningunum vegna misnotkunar.

Þrátt fyrir þá fullyrðingu í héraðsdómi, að útgáfa tékka samkvæmt liðum 1-7 hafi verið kærð af Landsbanka Íslands, eru engin gögn því til stuðnings. Saksóknarreglum 2. mgr. 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, er því ekki fullnægt, og verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn bankanum. Útgáfa tékka samkvæmt liðum 8-12 var kærð af framseljendum. Gögn málsins bera með sér, að Landsbankinn hafði látið viðgangast, að gefnar væru út innstæðulausar ávísanir í nafni Byggingafélagsins Hamra hf., sem voru geymdar á svokölluðum FIT-reikningi í allt að 49 daga, þar til innstæða var fyrir þeim. Eins og hér háttar til, telst háttsemi ákærða samkvæmt liðum 8-12 varða við 1. mgr. 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

E. Fjársvik:

Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, en ákærði staðfestingar á héraðsdómi um sýknu hans af broti samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessum lið ákærunnar kærir JL-Völundur hf. vöruúttektir Byggingafélagsins Hamra hf. á tímabilinu 20. október til 19. nóvember 1988, að fjárhæð 328.802 krónur, en að frádreginni innstæðu á reikningnum, 39.078 krónum, sem gerir þannig 289.724 krónur. Reikningar eru einungis fyrir úttektum frá 1. nóvember 1988 til 19. sama mánaðar, að fjárhæð 117.395 krónur. Kemur því hærri fjárhæð ekki til skoðunar. Óupplýst er, hver samdi um kaup á byggingavörum hjá JL-Völundi hf. út í reikning, en fram er komið, að verkstjórar Byggingafélagsins Hamra hf. ákváðu úttektir hverju sinni, en þeir hafa borið, að upplýsingar um úttektarheimildir hafi þeir fengið frá skrifstofu fyrirtækisins hverju sinni. Ákærði hafði hins vegar sem framkvæmdastjóri yfirlit yfir fjárreiður félagsins og mátti, að minnsta kosti, eftir að greiðslustöðvunarbeiðni félagsins hafði verið hafnað 13. október 1988, gera sér grein fyrir vonlausri stöðu þess. Honum bar því að koma í veg fyrir úttektir byggingavara á vegum félagsins á þessum tíma hjá JL-Völundi hf., en ekki er annað fram komið en starfsmenn þess hafi verið

grandlausir um greiðslustöðu fyrirtækis hans. Háttsemi hans þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, og ber að fallast á kröfur ákærvaldsins um, að hann hafi áunnið sér refsingu samkvæmt þessum lið ákærunnar.

## II. kafli ákæru. Brot á almennum hegningarlögum.

Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt þessum kafla ákæru, en ákærði staðfestingar á héraðsdómi um sýknu. Atvikum er lýst í héraðsdómi. Ákærði og kaupendur húsanna eru sammála um, að kaupendurnir fengu ekki að vita um veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi til Búnaðarbanka Íslands frá 12. janúar 1988. Áður en því byggingarstigi var náð, að húsin yrðu afhent kaupendum samkvæmt kaupsamningum, gaf ákærði út afsöl til þeirra. Við afsölin og eftirfarandi gjaldþrot byggingafélagsins eignuðust kaupendurnir því gagnkröfur á hendur þrotabúi félagsins, svo að ekki gat komið til þess, að ákærði gæti afhent bankanum veðskuldabréf þau, sem fyrirhugað var samkvæmt kaupsamningunum. Þessi háttsemi ákærða varð ekki samrýmd hagsmunum bankans og varðar hann refsingu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

## III.

Ákærði er eingöngu ákærður fyrir að skila ekki söluskatti og staðgreiðslu skatta, en ekki fyrir rangfærslu við skattskil. Skattskilin eru byggð á bókhaldi, sem ákærvaldið hefur ekki borið bríður á. Ósannað er, að hann hafi sjálfur auðgast vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir, og fram er komið, að hann persónulega er gjaldþrota. Við ákvörðun refsingar er í héraðsdómi réttilega vísað til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði, en rétt er að fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá ber að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 3.500.000 krónur. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi sjö mánaða fangelsi í stað hennar.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, svo sem hann var ákveðinn í héraðsdómi.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í níu mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsivistinni, og fellur sá hluti niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 3.500.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi sjö mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd að liðnum fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði með þeim fjárhæðum, sem þar voru ákveðnar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmans, 200.000 krónur, og skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans, 200.000 krónur.

**Dómur sakadóms Kópavogs 11. desember 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. október sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 25. janúar 1991, „á hendur Páli Guðfinni Harðarsyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra, Grundargötu 80, Grundarfirði, fæddum 6. júlí 1954 í Grundarfirði, fyrir brot á lögum um söluskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lagaákvæðum um skyldusparnað ungs fólks, lögum um tékka og almennum hegningarlögum.

Málið er höfðað gegn ákærða sem aðaleiganda, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Byggingafélagsins Hamra hf. (kt. 680787-1239), Kópavogi, og einkafirma hans, Verslunarinnar Hamra, s. st. (kt. 480385-0559), og sem stjórnanda þeirrar atvinnustarfsemi, er fram fór á vegum greindra aðila.

I. kafli.

A. Brot á lögum um söluskatt.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, skilað innheimtu-

manni ríkissjóðs ótilkvaddur mánaðarlega söluskatti vegna starfsemi Byggingafélagsins Hamra hf., Kópavogi, og Verslunarinnar Hamra, s. st., á árunum 1987 og 1988, eins og síðar segir, en söluskattur þessi mun nú tapaður að mestu eða öllu leyti í kjölfar gjaldþrots ákærða og hlutafélagsins. Skattfjárhæðirnar eru þessar:

— — —  
 ..... Kr. 4.637.786.

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, sbr. nú lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

B. Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákærða er gefið að sök sem framkvæmdastjóra Byggingafélagsins Hamra hf. að hafa vanrækt að standa ríkissjóði skil á 2.898.641 krónu, sem félagið hélt eftir eða bar að halda eftir af launum starfsmanna sinna á tímabilinu mars-september 1988 samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987, auk sams konar greiðslu vegna októbermánaðar sama ár, 523.287 kr., sem og að gera ekki skilagrein um laun og aftektir þann mánuð.

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. mgr. og 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

C. Brot á ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984

um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga og almennum hegningarlögum.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., Hömrum sf. og Hömrum hf., Grundarfirði, eða bar að halda eftir við útborgun til neðangreindra manna samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins á árunum 1987 og 1988, að fjárhæð samtals 530.441 kr.

— — —  
 Brot samkvæmt þessum kafla telst varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 84. gr. laga nr. 60/1984, sbr. nú 118. gr. laga nr. 86/1988 og 17. gr. reglugerðar nr. 92/1985.

D. Tékkabrot.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa í október og nóvember 1988 og í ágústmánuði 1977 gefið út og notað í viðskiptum eftirgreinda tékka í nafni Hamra hf. eða eigin nafni á tékkareikninga nr. 9093 og nr. 10399 hjá

Landsbanka Íslands, Reykjavík og Ólafsvík, án þess að næg innstæða væri á reikningunum, þegar tékkarnir voru sýndir í bankanum, en reikningunum var lokað 21. nóvember 1988 og 16. október 1987 vegna misnotkunar, en bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 21. nóvember 1988:

1. Tékki nr. 4780308, að fjárhæð upphaflega 252.200 kr., en að frádreginni innborgun 41.472,38 kr., að eftirstöðvum 210.127,68 kr., dagsettur 28. október 1988, út gefinn til Ingvars Sveinbjörnssonar af ákærða til greiðslu vinnulauna.

2. Tékki nr. 4780310, að fjárhæð 15.000 kr., dagsettur 28. október 1988, út gefinn til Trausta Kristjánssonar af Matthildi Gestsdóttur f. h. Hamra hf. með vitund og að fyrirlagi ákærða til greiðslu á vinnulaunum og kostnaði.

3. Tékki nr. 4780311, að fjárhæð 228.716,50 kr., dagsettur 28. október 1988, til Landsbanka Íslands og innleystur af útbúi bankans í Breiðholti í Reykjavík, út gefinn af Matthildi Gestsdóttur f. h. Hamra hf. með vitund og að fyrirlagi ákærða til greiðslu á skuld.

4. Tékki nr. 4780312, að fjárhæð 100.000 kr., til greiðslu inn á víxilskuld, dagsettur 28. október 1988, út gefinn af ákærða til Lögmannastofunnar Skippholti 50 B í Reykjavík og framseldur af henni.

5. Tékki nr. 4780314, að fjárhæð 200.000 kr., til greiðslu á vöruúttekt, dagsettur 31. október 1988, út gefinn til handhafa og framseldur af Versluninni Hömrum hf., Grundarfirði.

6. Tékki nr. 4780319, að fjárhæð 12.390 kr., dagsettur 3. nóvember 1988, út gefinn af ákærða f. h. Hamra hf. til Goss hf. til greiðslu á vöruúttekt.

7. Tékki nr. 4780321, að fjárhæð 7.000 kr., dagsettur 3. nóvember 1988, út gefinn til handhafa af ákærða og framseldur af Hrönn Harðardóttur til greiðslu á tækifærisgjöf.

8. Tékki nr. 4780313, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 27. október 1988, út gefinn til handhafa af ákærða, en framseldur af Olúfélaginu hf., og var tékkinn notaður í staðgreiðsluviðskiptum.

9. Tékki nr. 4780325, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 4. nóvember 1988, út gefinn til Esso til greiðslu í staðgreiðsluviðskiptum.

10. Tékki nr. 4780315, að fjárhæð 13.267 kr., dagsettur 4. nóvember 1988, út gefinn til handhafa f. h. Hamra hf. til greiðslu á vöruúttekt, en framseldur af G. J. Fossberg hf.

11. Tékki nr. 4780341, að fjárhæð 5.400 kr., dagsettur 18. nóvember 1988, út gefinn til Antons hf. f. h. Hamra hf. til greiðslu á vörum og framseldur af því félagi og Olís hf.

12. Tékki nr. 4780342, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 19. nóvember 1988, út gefinn til handhafa af ákærða sem greiðsla í staðgreiðsluviðskiptum, en framseldur af Nesti í Fossvogi.

13. Tékki nr. 1003225, að fjárhæð upphaflega 220.160 kr., en að frá-dreginni innborgun, 64.841,68 kr., nú 155.318,32 kr., dagsettur 18. ágúst 1987, út gefinn til Sementsverksmiðju ríkisins af ákærða á tékkareikning nr. 10399 í útibúi Landsbanka Íslands, Ólafsvík, Snæfellsnesi, til greiðslu á skuld á viðskiptareikningi.

Atferli ákærða samkvæmt tölulíðum nr. 3, 4 og 13 hér að framan telst varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en að öðru leyti við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### E. Fjársvik.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa sem framkvæmdastjóri Bygginga-félagsins Hamra hf. á síðasta mánuði fyrir gjaldþrot hlutafélagsins 21. nóvember 1988 látið taka út vörur í reikning þess hjá Völundi hf., að fjárhæð 328.802 kr., en að frá-dreginni innstæðu á reikningnum, 39.078 kr., nam úttektin 289.724 krónum. Leyndi hann seljanda fjárhagsstöðu hluta-félagsins, en ákærða gat ekki dulist á greindum tíma, að Byggingafélagið Hamrar hf. væri gjaldþrota, en 13. október 1988 hafði beiðni hlutafélagsins um greiðslustöðvun verið hafnað. Námu lýstar kröfur í þrotabú þess tæp-um 168 milljónum króna, þar af almennar kröfur um 109 milljónum, sem talið er, að ekkert muni greiðast upp í. Við þessar aðstæður stofnaði hann fjármunum kröfuhafans í stórhættu og mátti raunar ekki vænta þess, að hann gæti greitt vöruúttektina.

Þessi háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

#### II. kafli.

##### Brot á almennum hegningarlögum.

Ákærða er gefin að sök eftirgreind ráðstöfun á leiguréttindum Bygginga-félagsins Hamra hf. sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra hluta-félagsins og aðaleiganda.

Með tveimur afsölum, dagsettum 7. október 1986 og 30. október 1987, eignaðist Mosfellsbær tvær lóðarspildur úr landi Lágafells í Mosfells sveit. Afsölin hlutu þinglýsingarnúmer litra 4099/1987 og 13276/1987. Með tryggingarbréfi, út gefnu 12. janúar 1988, sem þinglesið var 14. sama mánaðar, veðsetti stjórn Byggingafélagsins Hamra hf. Búnaðarbanka Íslands greindar landspildur með 1. veðrétti til tryggingar skuld, að fjárhæð 7.200.000 kr., á grundvelli áritaðs veðleyfis Mosfellsbæjar á tryggingarbréfið. Á tryggingarbréfinu voru greindar sem veðsettar á landspildunum byggingar-lóðirnar á jöfnu tölunum nr. 2-26 við Aðaltún. Veðsetningin samkvæmt tryggingarbréfinu var í veðmálabók innfærð á ofangreind þinglýsingar-númer, enda ekki tæk þinglýsing á lóðarnúmerin eftir áritun um veðleyfi

á tryggingarbréfi fyrir ósérgreindum byggingarlóðum. Byggingafélagið reisti síðan nokkur hús til sölu á landspildunum og seldi þau í smíðum, en veðsetningin samkvæmt tryggingarbréfinu tók til þeirra. Meðal þeirra voru:

Nr. 10 við Aðaltún, selt Karli Snorrasyni og Gunnjónu S. Jensdóttur, s. st., með afsali, dagsettu 14. nóvember 1988, þinglesnu 16. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 12 við Aðaltún, selt Halli Birgissyni og Kristínu Dóru Karlsdóttur með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 18. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 18 við Aðaltún, selt Runólfi Sigurðssyni og Áslaugu Þórhallsdóttur, s. st., með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 20 við Aðaltún, selt Ólafi Höskuldssyni, s. st., með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 22 við Aðaltún, selt Torfa Axelssyni og Ernu G. Garðarsdóttur, s. st., með afsali 8. nóvember 1988, þinglesnu 28. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 24 við Aðaltún, selt Kristjáni Sturlusyni og Sigrúnu Arnardóttur með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Fyrir hönd Byggingafélagsins Hamra hf. gerði ákærði, Páll Guðfinnur, leigusamninga um fyrrgreindar lóðir við Mosfellsbæ. Er í þeim ekki getið veðbanda. Leiguréttinum afsalaði hann síðan kaupendum fasteignanna og leyndi þá jafnframt þeim veðböndum, sem á eignunum hvíldu samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins frá 12. janúar 1988. Með þessu kom hann því til leiðar, að við þinglýsingu skjalanna stofnaðist traustfangsréttur samkvæmt leigusamningunum og yfir lóðunum og tilheyrandi mannvirkjum kaupendum til handa, sem að mestu eyddi tryggingargildi 1. veðréttar Búnaðarbanka Íslands á lóðunum og á húsum á þeim. Einnig brást ákærði loforði til bankans í ábyrgðaryfirlýsingu frá 19. júní 1988.

Með framangreindum sölum ráðstafaði ákærði áðurtöldum húsum og lóðarréttindum, sem Búnaðarbanki Íslands hafði áður eignast veðréttindi yfir, svo að þær verða ekki samrýmdar rétti bankans.

Til vara er því haldið fram, ef svo yrði talið, að veðréttur bankans samkvæmt tryggingarbréfinu frá 12. janúar 1988 hvíldi enn á fasteignunum, hvort heldur undan eða á eftir rétti kaupenda, að ákærði hafi með sviksamlegum hætti leynt þá veðsetningunni.

Framangreint atferli ákærða telst aðallega varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr. sömu laga.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar, en við munnlegan málflutning var fallið frá öllum bótakröfum í málinu. Leiðrétt hefur verið ártal í D-lið I. kafla ákærunnar úr 1977 í 1987.

Málið var fyrst tekið fyrir í sakadómi 21. febrúar 1991, en ákæra var birt 13. mars s. á. Ákærði var fyrst yfirheyrður um sakarefnið fyrir dómi 14. október s. á., en tafir urðu á fyrirtöku málsins af ástæðum, er varða sækjanda og fram koma á dskj. nr. 29.

#### I.

Ákærði var stjórnarformaður Byggingafélagsins Hamra hf., frá því að félagið var stofnað 1. júlí 1987, og framkvæmdastjóri frá ársbyrjun 1988. Aðrir í stjórn félagsins voru Jóhanna Erla Ólafsdóttir, eiginkona ákærða, og Berglind Ólafsdóttir. Við bókhald félagsins störfuðu auk ákærða Matt-hildur Gestsdóttir, sem var bókarí og gjaldkeri, og Jóhann Pétur Sturluson sem framkvæmdastjóri, en hann lét af störfum í árslok 1987. Með bréfi, dags. 11. október 1988, var af hálfu félagsins farið fram á greiðslustöðvun í allt að þrjá mánuði, en beiðninni var hafnað með úrskurði skiptaréttar 13. október s. á. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. nóvember s. á.

Hamrar hf. í Grundarfirði tók til starfa 1. janúar 1985 og stundaði verktaka- og byggingarstarfsemi. Ákærði var stjórnarformaður, en aðrir í stjórn voru Jóhanna Ólafsdóttir og Guðlaug Guðmundsdóttir. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta 1988 eða 1989.

Verslunin Hamrar var skráð 8. mars 1985 samkvæmt firmaskrá, og voru eigendur ákærði og Björgvin Magnússon, sem gekk úr félaginu 24. september s. á., og var ákærði eftir það einn eigandi fyrirtækisins.

#### II.

Brot á lögum um söluskatt.

Við rannsókn málsins hefur m. a. komið fram, að ákærði greiddi ekki innheimtumanni ríkissjóðs söluskatt vegna Byggingafélagsins Hamra hf., Vesturvör 9, Kópavogi, fyrir tímabilið júlí til og með nóvember 1988, samtals 2.413.243 kr., og vegna Hamra, byggingavöruverslunar, Vesturvör 9, Kópavogi, fyrir tímabilið júlí 1987 til og með mars 1988 og júnímánuð 1988, samtals 2.228.543 kr., samanber ljósrit af söluskattsskýrslum fyrir framangreind tímabil, sem lögð hafa verið fram í málinu, og yfirlitum bæjarfógetans í Kópavogi, dagsettum í nóvember 1991. Í ákærinni er ógreiddur söluskattur fyrir október 1988 talinn vera 433.389 kr., en í gögn-

um málsins er ógreiddur söluskattur fyrir október 1988 437.389 kr. Ákærða voru sýndar umræddar söluskattsskýrslur, og staðfesti hann, að hann kannaðist við skýrslurnar og að þær væru réttar. Fyrir liggur staðfesting bæjarfógetaembættisins í Kópavogi á því, að söluskatturinn var enn ógreiddur 24. október 1991.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að Matthildur Gestsdóttir hafi útbúið söluskattsskýrslur fyrir Byggingafélagið Hamra hf. Ekki hafi verið unnt að ganga frá skýrslum fyrir tímabilið júlí 1987 til mars 1988 fyrr en í ágúst það ár vegna tæknilegra erfiðleika við bókhaldið. Söluskattsskýrslur fyrir tímabilið júlí-nóvember 1988 hafi Matthildur útbúið, eftir að fyrirtækið varð gjaldþrota, að beiðni skiptaráðanda, og var það gert samkvæmt gögnum fyrirtækisins. Söluskattur hafi ekki verið greiddur, þar sem ekki voru til peningar fyrir honum. Áður en ákærði varð framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hafi Jóhann Pétur Sturluson séð um reksturinn. Þeir hafi ekki verið sammála um aðferðina við söluskattsskil, en ákærði kvaðst hafa látið Jóhanni eftir að ákveða, hvernig söluskatti var skilað, á meðan hann var framkvæmdastjóri. Jóhann hafi því einn tekið ákvörðun um að skila ekki söluskatti, en ákærði kvaðst þó eflaust hafa stutt Jóhann í því, þar sem lítið var um peninga í fyrirtækinu.

Berglind Ólafsdóttir var í stjórn Byggingafélagsins Hamra hf. Hún hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi sjálfur stjórnað fyrirtækinu, tekið allar ákvarðanir og borið ábyrgð á daglegum rekstri þess. Hún kvaðst ekki hafa haft neina vitneskju um vanskil á söluskatti, skyldusparnaði og staðgreiðslu opinberra gjalda. Hún kvaðst sem stjórnarmaður hafa skrifað undir skuldbréf til Búnaðarbankans, sem ætlað var til að greiða upp skuldir Hamra hf. í Grundarfirði við bankann. Einnig hafi hún skrifað undir skjöl varðandi lóðirnar við Aðaltún í Mosfellsbæ. Hún kvaðst ekki hafa verið viðstödd, er afsólin voru gerð, heldur hefðu kaupendur komið með þau heim til hennar, eftir að gengið hafði verið frá þeim, og hún skrifað undir sem stjórnarformaður hlutafélagsins.

Jóhanna Erla Ólafsdóttir, sem einnig var í stjórn félagsins, hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki haft afskipti af daglegum rekstri fyrirtækisins, enda hafi hún búið í Grundarfirði. Hún hafi þó vitað, að fjárhagsstaða fyrirtækisins var slæm. Þau hjónin hafi misst hús sitt og bíl ásamt öðrum eignum vegna þessara fjárhagsvandræða. Haustið 1988 hafi verið rætt um það, hvernig unnt væri að rétta fjárhaginn og bjarga fyrirtækinu. M. a. hafi verið rætt um að reyna að fá nýtt hlutafé inn í félagið. Ekki kvaðst hún hafa vitað, að söluskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og skyldusparnaði hafði ekki verið skilað.

Matthildur Gestsdóttir byrjaði störf hjá Byggingafélaginu Hömrum hf. í janúar 1988. Hún hefur komið fyrir dóminn og staðfest undirritun sína

á söluskattsskýrslurnar. Það hafi verið í sínum verkahring að útbúa sölu-skattsskýrslur, en hún starfaði sem gjaldkeri og bókarari hjá fyrirtækinu. Hún kvaðst ekki hafa reiknað út laun. Ástæðu þess, að staðgreiðslu skatta og skyldusparnaði var ekki skilað, sagði hún vera, að peningar hefðu ekki verið til. Þeim peningum, sem inn komu, hefði verið ráðstafað til greiðslu á launum starfsmanna og til verktaka, svo að verkin gætu haldið áfram. Þær skýrslur, sem dagsettar eru í nóvember 1988, kvaðst hún hafa gert að beiðni bústjóra. skömmu eftir gjaldþrotið. Vitnið staðfesti, að fjárhagsstaða fyrirtækisins hefði verið slæm og skuldir hlaðist upp á starfstíma vitnisins. Um haustið hefði verið reynt að fá greiðslustöðvun, en þeirri beiðni var hafnað. Til stóð að leita eftir nýju hlutafé, og taldi vitnið, að einhverjir aðilar hefðu verið tilbúnir að leggja fram fé, en gat ekki upplýst um fjárhæðir í því sambandi.

Jóhann Pétur Sturluson var framkvæmdastjóri Byggingafélagsins Hamra hf., þar til ákærði tók við því starfi um áramót 1987/1988. Jóhann kveðst hafa sagt upp starfinu í september 1987, en þá hafi ákærði komið til starfa og tekið allar stærri ákvarðanir um málefni fyrirtækisins. Þær söluskattsskýrslur, sem Jóhann kveðst hafa skilað, hafi verið á núlli, með þeim fyrirvara, að nánari skýringar bærust síðar. Þær skýrslur, sem dagsettar eru 24. ágúst 1988 fyrir tímabilið júlí-desember 1987 kveðst hann hins vegar engan þátt hafa átt í að gera. Ástæða þess, að söluskatti var ekki skilað, hafi verið sú, að fjármunir hafi ekki komið inn í fyrirtækið fyrr en eftir, að íbúðir, sem það reisti, höfðu verið seldar. Ekki hafi verið til fjármagn til að greiða allar skuldir fyrirtækisins, en laun og annað, sem hélt rekstrinum gangandi, var látið ganga fyrir, þegar skuldir voru greiddar.

### III.

Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við rannsókn málsins kom fram, að ákærði gerði ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir tímabilið mars til og með september 1988 fyrir Byggingafélagið Hamra hf., samtals 2.898.641 kr. Í gögnum málsins liggur fyrir sundurliðun á staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna fyrir mars 1988, 460.035 kr., undirrituð af Sigríði Örlygsdóttur, og tölvulistar fyrir tímabilin 3.4.-30.4., 26.6.-6.8., 7.8.-3.9. og 4.9.-1.10. 1988, óundirritaðir, sem sýndu staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna, samtals fyrir síðara tímabilið 2.438.606 kr., en samtals fyrir bæði tímabilin 2.898.641 kr. Í skjölum málsins er bréf skattstjóra Reykjanessumdæmis, dags. 27. nóvember 1989, sem staðfestir, að framangreind gögn um skilaskyldu staðgreiðslu launamanna Hamra hf. eru samkvæmt innsendum skilagreinum frá þeim. Ákærða voru sýnd umrædd gögn, og gerði hann ekki athugasemdir við þau.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, svo sem hann er ákærður fyrir. Þetta hafi komið til af því, að peningar fyrir þessum greiðslum voru ekki til, og hafi hann einn tekið ákvörðun um að skila ekki staðgreiðslu. Einnig hefur hann viðurkennt að hafa ekki gert skilagrein um laun og aftektir fyrir október 1988, en ekki hafi unnist tími til að ganga frá þessu fyrir gjaldþrotið.

## IV.

Brot á ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga og almennum hegningarlögum.

Við rannsókn málsins kom m. a. fram, að ákærði gerði ekki skil á skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., Hömrum sf. og Hömrum hf., Grundarfirði., á árunum 1987 og 1988. Samkvæmt ákæru nam umrædd upphæð 530.441 kr. Ljósrit af launamiðum starfsmanna hafa verið lögð fram í málinu. Ákærða voru sýnd umrædd skjöl, og kannaðist hann við, að þau væru rétt.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði. Þetta fé hafi ekki verið dregið af launum starfsmanna. Þeir peningar, sem til voru hjá fyrirtækinu, hafi farið í að greiða sjálf launin og því ekkert verið eftir til að greiða skyldusparnaðinn. Peningar fyrir honum hafi ekki verið til fremur en fyrir greiðslu söluskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Hann hafi sjálfur tekið ákvörðun um þetta, þótt aðrir, sem stjórnðu fyrirtækinu, væru sammála um að greiða fyrst laun og annað, sem greiða þurfti til að halda fyrirtækinu gangandi.

## V.

Tékkabrot.

Ákærða er gefið að sök að hafa í október og nóvember 1988 og í ágúst 1987 gefið út og notað í viðskiptum tékka í nafni Hamra hf. eða eigin nafni, án þess að næg innstæða hafi verið á viðkomandi tékkareikningum, þegar tékkarnir voru sýndir í banka. Tékkareikningarnir voru nr. 9093 í Múlaútibúi Landsbanka Íslands (lokað 21. nóvember 1988 af notanda sjálfum) og nr. 10399 í Landsbanka Íslands, Ólafsvík (lokað 16. október 1987 af Landsbanka Íslands). Tékkarnir hafa verið lagðir fram í málinu, og er þeim rétt lýst í ákæruskjali að öðru leyti en því, að tékkinn, sem lýst er í 1. tl., er út gefinn til Ívars, en ekki Ingvars. Tékki skv. lið nr. 1 lækkar um 41.472,38 kr. vegna inneignar á reikningi, þegar honum er lokað, og verður því 210.127,68 kr. Af sömu ástæðu lækkar tékki skv. lið nr. 13 um 64.841,68 kr. og verður 155.318,32 kr.

Fram kemur í gögnum málsins, að útgáfa allra framangreindra tékka var kærð til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Útgáfa tékka skv. liðum 1 til 7 og

13 var kærð af Landsbanka Íslands, en útgáfa annarra tékka var kærð af framseljendum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka, sem undirritaðir eru af honum, og að Matthildur Gestsdóttir hafi gefið út þá tékka, sem hún hefur undirritað, en það hafi hún gert með vitund og að fyrirlagi ákærða. Hann viðurkenndi, að hann bæri ábyrgð á notkun allra tékkanna, en ekki Matthildur. Hins vegar hélt ákærði því fram, að hann hefði átt von á greiðslum frá Reykjavíkurböfn inn á tékkareikninginn. Hann kvaðst hafa ætlað að sækja þessa peninga, en borgarlögmaður hefði „fryst“ þá, og þess vegna hefðu þeir ekki farið inn á reikninginn, eins og til stóð. Þetta hefðu verið um 1,5 milljón króna fyrir utan geymslufé, sem fyrirtækið átti hjá Reykjavíkurböfn. Einnig hefðu verið tryggingar í Landsbankanum fyrir úttektum á reikninginn. Féð, sem ávísað var á, hafi því verið til. Hann kvaðst hafa gert um það munnlegt samkomulag við útibússtjóra Múlaútibús Landsbankans, að tékkareikningurinn væri yfir, þar til greiðslan kæmi frá Reykjavíkurböfn. Þegar hún brást, kvaðst ákærði hafa sjálfur látið loka reikningnum 21. nóvember 1988. Áður hefði viðgengist, að bankinn geymdi innstæðulausa tékka, þar til greiðslur komu úr verkum byggingafélagsins inn á tékkareikninginn. Ákærði kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að sér væri heimilt að ávísá á reikninginn vegna samkomulagsins við útibússtjóran.

Matthildur Gestsdóttir hefur staðfest að hafa gefið út tékka, sem lýst er í 2. og 3. tli. D-liðar I. kafla ákæru, að fyrirlagi og með vitund ákærða. Þá staðfesti vitnið, að ákærði hefði farið með tryggingarbréf til Landsbankans skömmu fyrir gjaldþrotið vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi hlutafélagsins þar. Bæði hún og ákærði hefðu talið, að heimilt væri að gefa út tékkana. Þau hafi einnig átt von á greiðslum inn á reikninginn frá Reykjavíkurböfn.

Bjarni Ásgeirsson, skiptastjóri í þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf., hefur komið fyrir dóminn. Hann greindi m. a. frá samkomulagi þrotabúsins og Reykjavíkurborgar um uppgjör vegna verksamnings um framkvæmdir við Reykjavíkurböfn. Byggingafélagið hafi átt inni fé hjá Reykjavíkurborg, en vegna vanefnda hafi verið samið um, að hvorugur ætti kröfu á hinn. Hann vissi ekki, hvort settar voru sérstakar tryggingar vegna úttekta á hlaupareikning byggingafélagsins við Landsbankann.

Hjörleifur Kvaran, framkvæmdastjóri lögfræðideildar Reykjavíkurborgar, hefur upplýst, að Byggingafélagið Hamrar hf. hafi tekið að sér framkvæmdir við Reykjavíkurböfn með verksamningi í júlí 1988. Í nóvember s. á. var gerð úttekt á verkinu, en þá hafði verið unnið fyrir 30,5 milljónir kr., sem höfðu verið greiddar verktaka. Samningsfjárhæðin hafi verið 33,5 milljónir. Verktaki hafi jafnframt átt inni hjá Reykjavíkurböfn fyrir auka- verk og í verðbætur svo og geymslufé, 2.328.208 kr. En þar sem verkið

var gallað og fallið höfðu á dagsektir, voru heildarkröfur Reykjavíkurborgar á verktaka taldar 4,8 milljónir króna. Þá hafi einnig verið ákvæði í verk-samningi, að Reykjavíkurborg áskildi sér rétt til að millifæra greiðslur til verktaka vegna skulda verktaka við Reykjavíkurborg, en byggingafélagið hafi skuldað gatnagerðargjöld, að fjárhæð 2,4 milljónir króna.

Samkomulag hafi verið við bústjóra um uppgjör vegna þessa.

Sigurður Óli Sigurðsson, bankastjóri Múlaútibús Landsbankans, hefur upplýst, að ekki hafi verið heimilaður yfirdráttur á reikningi Bygginga-félagsins Hamra hf. hjá bankanum. Ekkert samkomulag hafi verið milli sín og ákærða um, að reikningurinn væri yfir. Í þeim tilfellum, er heimild væri veitt til yfirdráttar, vegna þess að von væri á greiðslum inn á reikning-inn, væri heimildin færð á reikninginn. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði látið vita, að hann ætti von á greiðslum inn á reikninginn í nóvember 1988. Bankinn hefði haft tryggingar hjá félaginu fyrir samtals 8 milljónir króna, en þær tryggingar hefðu m. a. staðið á bak við óheimilan yfirdrátt. Tryggingar þessar væru frá 13. mars 1987, 21. maí s. á., 10. september s. á. og 18. nóvember 1988. Það hefði komið fyrir, að innstæðu-lausir tékkar væru látnir liggja í bankanum í tíu daga, án þess að reikningnum væri lokað. Engin fyrirmæli væru um það, að loka ætti reikningi, hins vegar missti bankinn rétt til að endursenda tékka, ef reikningi væri ekki lokað innan tíu daga.

## VI.

### Fjársvik.

Með bréfi JL-Völundar hf., dags. 24. janúar 1989, eru kærðar vöru-úttektir Byggingafélagsins Hamra hf. á tímabilinu 20. október til 19. nóvember 1988, að fjárhæð 328.802 kr. Í kærinni er talið, að ákærða hafi á þessum tíma verið fullljóst, að byggingafélagið væri í raun gjaldþrota og að aldrei kæmi til greiðslu fyrir út teknar vörur. Bréfinu fylgdu reiknings-yfirlit ásamt reikningum fyrir úttektum nema reikningur, sem er í yfirlitinu, dags. 20. október 1988, að fjárhæð 211.407 kr., en hann fylgdi ekki og hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að starfsmenn Byggingafélagsins Hamra hf. hafi séð um að taka út vörur fyrir fyrirtækið. Hann hafi hvergi komið nálægt þessum vöruúttektum hjá JL-Völundi hf. Hann kveðst ekki hafa samið um að fá að taka út vörur þar, og hafi hann ekkert um þessar úttektir vitað, fyrr en hann sá kærana.

Salvar Guðmundsson var starfsmaður Byggingafélagsins Hamra hf. Hann kvaðst hafa unnið á trésmíðaverkstæði fyrirtækisins, en ekkert komið nálægt fjármálum þess. Hann hefur staðfest að hafa tekið út vörur fyrir fyrirtækið hjá JL-Völundi hf., eins og áritaðir reikningar bera með

sér, samtals að fjárhæð 90.572 kr., en reikningarnir eru dagsettir 1., 9. og 19. nóvember 1988. Hann hafi sem verkstjóri séð um að kaupa þær vörur, sem vantaði, þar sem þær fengust og eftir því, hvar byggingafélagið var í reikningi. Hann hafi ekki fengið nein sérstök fyrirmæli um það, hvar hann ætti að versla, heldur hafi hann fengið um það upplýsingar á skrifstofunni, hvar fyrirtækið var í reikningsviðskiptum. Hann kvaðst ekki hafa haft nein samráð við ákærða um þessar úttektir. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um slæma fjárhagsstöðu Byggingafélagsins Hamra hf. fyrr en síðasta mánuð fyrir gjaldþrotið. Ákærði hafi rætt það við starfsmennina, þegar farið var að ganga illa, að þeir kæmu inn í byggingafélagið sem hluthafar. Vitnið kvaðst hafa verið reiðubúið að leggja fé í það, hefði ákærði getað sýnt fram á traustan rekstrargrundvöll.

Jón Ebba Halldórsson var verkstjóri hjá Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann upplýsir, að félagið hafi verið í viðskiptum hjá nokkrum verslunum, og hafi efni verið tekið út, eftir því sem til þurfti. Engin sérstök fyrirmæli hafi komið um það frá framkvæmdastjórn hlutafélagsins, hvar taka ætti út vörur, heldur hafi verið farið eftir skrá yfir verslanir ásamt símanúmerum og upplýsingum, sem leitað var eftir, um það, hvar varan fengist. Verkstjórnin á staðnum hafi séð um að afla þess efnis, sem þörf var á. Hann staðfestir að hafa tekið út efni samkvæmt reikningi, sem hann kvittaði á. Hann kveðst ekki hafa vitað á þeim tíma, að gjaldþrot hlutafélagsins væri yfirvofandi, svo að hætta væri á, að reikningar greiddust ekki. Oft hafi verið erfitt um peninga um tíma, en alltaf hafi ræst úr aftur. Vitnið kvaðst hafa setið fund ásamt ákærða með mönnum frá Reykjavíkurbíó vegna uppgjörðs fyrir verk við Kleppsbakka. Samkomulag var um verkstöðuna á hverjum tíma, og út frá því voru reikningar gerðir. Þannig hafi átt að ná samkomulagi um reikningana, áður en þeir voru útbúnir. Samkomulag hafi verið um lokauppgjör, og átti reikningur að miðast við verklok. Fundurinn vegna þessa hafi verið haldinn um helgi rétt fyrir gjaldþrotið, og var staðan metin á þeim tíma, en samkomulag hafi náðst um ákveðna upphæð, 1-2 milljónir, sem greiða átti á mánuðeginum. Geymslufé hafi ekki verið þar með talið. Engin krafa hafi verið gerð vegna afhendingardráttar. Vitnið var eitt af stofnendum Kletthamra hf. Hlutafélagið keypti fimm af lóðunum við Aðaltún af þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf. Einnig tóku Kletthamrar hf. að sér að ljúka við nokkur af þeim húsum, sem byggingafélagið hafði reist. Ákærði hefði ekkert minnst á, að lóðirnar væru veðsettar.

## VII.

Brot á almennum hegningarlögum.

Með samkomulagi Mosfellsbæjar og Byggingafélagsins Hamra hf., sem dagsett er 26. nóvember 1987, fékk félagið þrettán lóðir við Aðaltún til

byggingar íbúðarhúsa samkvæmt nánari skilmálum í samkomulaginu. Í samkomulaginu kemur fram, að lóðarleigusamningar verði gefnir út, er húsin verði fohheld. Þá er tekið fram, að byggingafélagið eigi rétt á veðleyfi vegna veðsetningar til Búnaðarbanka Íslands fyrir upphæð allt að 7,2 milljónum króna.

Með tryggingarbréfi, dags. 12. janúar 1988, veðsetti Byggingafélagið Hamrar hf. Búnaðarbanka Íslands „byggingarlóðirnar nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24 og 26 við Aðaltún með öllum framkvæmdum og öðru tilheyrandi“. Bréfið undirritaði ákærði f. h. byggingafélagsins, en veðleyfi Mosfellsbæjar er undirritað af bæjarstjóra. Skjalinu var þinglýst 19. janúar 1988, en er áritað mótttekið 14. janúar s. á. Í bréfinu kemur fram, að hinar veðsettu lóðir væru úr landi Lágafells, sem Mosfellsbær hafði eignast með tveimur afsölum, sem þinglýst var 13. 4. 1987 og 27. 11. s. á. Var veðsetning samkvæmt tryggingarbréfinu færð á viðkomandi blöð í þinglýsingabók fyrir landspildurnar úr Lágafellslandi, en ekki á sérstök blöð fyrir hverja lóð við Aðaltún, enda höfðu þau ekki verið útbúin, þar sem lóðarleigusamningar lágu ekki enn fyrir.

Ákærði seldi f. h. byggingafélagsins átta íbúðarhús, sem félagið hafði reist við Aðaltún, með kaupsamningum, dags. 11. september 1987, 30. desember s. á., 17. febrúar 1988, 22. febrúar s. á., 2. mars s. á., 10. mars s. á., 31. maí s. á. og makaskiptasamningi, sem dags. er 7. apríl s. á. Í samningunum eru greiðslur ákveðnar og m. a. gert ráð fyrir 600.000 króna láni seljanda til kaupenda. Ákærði gaf út afsöl fyrir húsunum nr. 12, 18, 20, 22 og 24, sem dagsett eru 8. nóvember 1988, og fyrir nr. 10, sem dagsett er 14. nóvember s. á. Í afsölunum er tekið fram, að kaupverð sé að fullu greitt að undanskildu skuldabréfi, sem verði gengið frá, þegar verki verði að fullu lokið, nema í einu þeirra segir aðeins, að kaupverð sé að fullu greitt. Ekki er getið um áhvilandi veðskuld til Búnaðarbanka Íslands. Í lóðarleigusamningum, sem gefnir voru út fyrir þessar lóðir, er ekki getið um veðskuld Búnaðarbankans, sem færð hafði verið á landspildurnar úr Lágafellslandi í þinglýsingabók. Þegar byggingafélagið var tekið til gjaldþrotaskipta 21. nóvember 1988, var byggingu húsanna eigi lokið, en þau höfðu verið afhent kaupendum.

Ákærði gaf út f. h. byggingafélagsins tólf veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 600.000 kr., til Búnaðarbanka Íslands, og eru þau öll dagsett 10. 6. 1988. Samkvæmt hverju bréfi tók veðsetningin til eins af húsunum við Aðaltún. Bréfum þessum var ekki þinglýst. Með ábyrgðaryfirlýsingu, dags. 19. júní s. á., tók ákærði á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslum ofangreindra veðskuldabréfa. Í yfirlýsingunni kemur fram, að veðskuldabréfunum verði eigi þinglýst, fyrr en hús eru fohheld og lóðirnar sérgreindar í veðmálabókum, en kaupendur húsanna taki að sér að greiða

skuldirnar samkvæmt ákvæðum í kaupsamningum Byggingafélagsins Hamra hf. við þá.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að umrætt tryggingarbréf væri svo til komið, að hann hefði verið að ganga frá gamalli skuld Hamra hf. í Grundarfirði við Búnaðarbankann þar. Hann hefði boðið bankanum að tryggja skuldina þannig, að bankinn fengi fyrst tryggingarbréfið, en síðan veðskuldabréf, hvort að fjárhæð 600.000 kr., með veði í hverju húsi við Aðaltún, þegar smíði þeirra væri lokið. Hann kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að hann hefði skrifað upp á tryggingarbréfið til tryggingar því, að síðar yrði gengið frá veðskuldum á hvert hús fyrir sig. Áður en til þess kom, að kaupendur húsanna tækju við veðskuldunum við Búnaðarbankann, hefði byggingafélagið orðið gjaldþrota, og því hefði aldrei verið gengið frá þessu. Tryggingarbréfsins hefði aldrei verið getið á veðbókarvottorðum fyrir húsin. Þegar afsölin fyrir húsunum voru gefin út, kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að staða fyrirtækisins var mjög slæm, og taldi hann, að með því að gefa afsölin út tryggði hann betur rétt þeirra, sem höfðu keypt húsin. Ekki hefði verið getið um skuldina við Búnaðarbankann við kaupendur og ekki gengið frá því við þá, að þeir yfirtækju hana við afsalsgerð, enda hefðu húsin ekki verið fullgerð og því ekki tímabært að ganga frá þessu. Tekið hefði verið fram í afsölonum, að gengið yrði frá skuldabréfum, þegar verkinu væri að fullu lokið. Hann kvaðst ekki hafa haft samráð við bankann, áður en afsölin voru gefin út. En hefði gjaldþrotið ekki komið til, hefði byggingafélagið lokið framkvæmdum og gengið þannig frá skuldbættum við Búnaðarbankann, að kaupendur tækju að sér að greiða hana. Þar sem byggingafélaginu tókst ekki að skila húsunum í umsöndu ástandi, hefðu þeir kaupendur, sem ekki höfðu greitt verðið að fullu, verið taldir skuldlausir. Sumir kaupendur höfðu þó þegar greitt of mikið. Ekki var ákærða kunnugt um, að þrotabúið hefði gengið eftir því, að þeir, sem skulduðu búinu, fengju skuldirnar þurrkaðar út með skuldajöfnuði.

Karl Snorrason keypti húsið nr. 10 við Aðaltún af Byggingafélaginu Hömrum hf. ásamt Gunnjónu Jensdóttur. Hann hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að húsið hafi ekki orðið fohelt fyrr en í október/nóvember 1988. Afsalsgerð hafi verið flýtt að frumkvæði ákærða. Ekkert uppgjör hafi farið fram, er afsalið var gefið út. Byggingafélagið hafi orðið gjaldþrota, áður en það lauk verkinu. Kom því ekki til, að vitnið greiddi 1.000.000 kr., sem gjaldféllu 20. desember 1988, og 600.000 kr. lán, sem félagið ætlaði að veita, þegar verkinu væri að fullu lokið. Ekkert hafi verið talað um, að vitnið yfirtæki skuld við Búnaðarbankann, og ekki kvaðst vitnið hafa vitað um skuld byggingafélagsins við bankann.

Hallur Birgisson keypti ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Dóru Karlsdóttur, Aðaltún 12 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann skýrði svo frá

fyrir dómi, að þau hefðu staðið félaginu skil á öllum greiðslum samkvæmt kaupsamningi nema þremur síðustu greiðslunum, en þær voru 500.000 kr., gjalddagi 15. janúar 1989, 600.000 kr. lán Hamra hf. til fimm ára og 2.000.000 kr. húsnæðisstjórnarlán. Ákærði hafi hringt í byrjun nóvember 1988 og sagt, að hann ætlaði að ganga frá foheldisvottorði og afsali, og var það gert. Vitnið lét þinglýsa afsalinu og lóðarleigusamningi, sem það fékk einnig í hendur. Við þinglýsingu hafi ekkert komið fram um, að veð hvíldi á fasteigninni, en skjölunum var þinglýst athugasemdalaust. Vitnið fékk veðbókarvottorð, og var veðsetningar Búnaðarbankans ekki getið þar. Þegar byggingafélagið varð gjaldþrota, vantaði járn á þak hússins; einnig vantaði allt tréverk, allar hurðir, bílskúrshurðir, útihurðir, glugga, opnanleg fög og gler. Þá var frágangi á svölum ólokið, þar vantaði dúk, einnig hellulögn, handrið og grófjöfnun á lóð. Loks var eftir að pússa að utan, mála, setja þakrennur, niðurföll og drenlagnir. Þá tiltók vitnið, að húsið hefði þar að auki verið skemmt, tveir veggir bæði skakkir og bólgnir, vegna þess að mót sprungu. Vitnið kvaðst engar upplýsingar hafa fengið um það hjá ákærða, að fasteignin væri veðsett með tryggingarbréfi til Búnaðarbanka Íslands fyrir 7,2 milljónum króna. Það hafi ekki komið í ljós fyrr en löngu síðar. Veðsetning þessi hafi svo valdið því, að vitnið gat ekki, þegar til kom, veðsett fasteignina fyrir láni frá Húsnæðisstofnun fyrr en eftir töluverða eftirgangsmuni.

Runólfur Sigurðsson og Áslaug Þórhallsdóttir keyptu fasteignina Aðaltún 18 af Byggingafélaginu Hömrum hf. með kaupsamningi, dags. 31. maí 1988. Runólfur gerði einnig sérstakan samning um, að félagið skilaði húsinu tilbúnu undir tréverk. Hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi gengið eftir því við ákærða að fá að vita, hvers vegna tafir höfðu orðið á framkvæmdum. Ákærði hafi gefið þá skýringu, að fjárhagsstaðan væri erfið, en það myndi lagast og vitnið þyrfti engar áhyggjur af þessu að hafa. Ákærði hafi svo haft frumkvæði að því, að gefið var út afsal, áður en allar greiðslur höfðu verið inntar af hendi. Vitnið kvaðst ekkert hafa vitað um áhvílandi tryggingarbréf Búnaðarbankans upp á 7,2 milljónir króna, en ákærði hafi ekkert minnst á það. Hann kvaðst hafa látið þinglýsa afsalinu og lóðarleigusamningnum. Ekki kom fram, að veðskuldir væru á eigninni, og var hvoru tveggja þinglýst athugasemdalaust. Hann hafi síðar fengið veðbókarvottorð, en á þeim hafi ekkert komið fram um veðskuld við Búnaðarbankann. Eftir að byggingafélagið varð gjaldþrota, hafi Klett-hamrar hf. tekið að sér að gera húsið íbúðarhæft, og var því greitt fyrir það. Vitnið kvaðst hafa flust í húsið á aðfangadag, og hefði það verið nokkrum mánuðum síðar en ráð hafði verið fyrir gert.

Ólafur Yngvi Höskuldsson keypti húsið við Aðaltún 20 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann hefur skýrt svo frá, að húsið hafi átt að vera

tilbúið í september 1988, en þá hafi vissum þáttum verið ólokið. Vitnið kveðst hafa gert samkomulag við nýja fyrirtækið, Kletthamra hf., um að ljúka verkinu, og hafi verið greitt sérstaklega fyrir það. Afsal var gefið út 8. nóvember 1988, en ákærði hafði hringt í vitnið nokkrum dögum áður og sagt, að afsal væri tilbúið. Vitnið taldi, að þá hefðu allar greiðslur verið inntar af hendi að undanskildu húsnæðisstjórnarláni, að fjárhæð 2.000.000 kr., og 600.000 kr. skuldabréfi, en frá því átti að ganga síðar. Ekkert uppgjör hefði farið fram við afsalsgerðina og þrotabúið ekki heldur farið fram á uppgjör síðar. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um áhvílandi veðskuld við Búnaðarbankann, hvorki þegar kaupsamningur var gerður né þegar afsal var gefið út.

Torfi Axelsson og Erna Gréta Garðarsdóttir keyptu Aðaltún 22 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Er Torfi gaf skýrslu fyrir dómi, kvaðst hann hafa fengið afsal, vegna þess að gjaldþrot félagsins var yfirvofandi. Verkinu hefði ekki verið lokið. Allt múrverk og málning að utan hefði verið eftir svo og frágangur á þakköntum og handriðum. Þá hefði vantað útihurð og bílskúrshurð. Kostnaður við það, sem ólokið var, hefði verið 1-1,5 milljónir króna. Hann kvaðst engar upplýsingar hafa fengið um áhvílandi veð Búnaðarbankans, hvorki við kaupsamningsgerð né afsal.

Kristján Sturluson keypti ásamt sambýliskonu sinni, Sigrúnu Arnardóttur, Aðaltún 24 af Byggingafélaginu Hömrum hf. með makaskiptasamningi, dags. 7. apríl 1988. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki fengið makaskiptasamningnum þinglýst, þar sem eignin hafi ekki verið til á skrá í veðmálabók og lóðarleigusamningi ekki verið þinglýst. Þau fengu afsal fyrir húsinu 8. nóvember 1988, en ákærði hafði hringt sama dag eða daginn áður og lagt til, að gengið yrði frá afsali. Ástæðan til þess, að ekki var gengið frá 600.000 kr. skuld við byggingafélagið, var sú, að framkvæmdum var alls ekki lokið. Vitnið lét gera sérstaka úttekt á húsinu, sbr. dskj. nr. 30, og fór hún fram 15. desember 1988. Samkvæmt henni var áætlaður kostnaður við ólokna framkvæmdir 1.150.799 kr. Það hafi ekki verið rætt sérstaklega, hver fengi 600.000 kr. skuldabréfið, en vitnið taldi, að Hamrar hf. fengu það. Ekkert hafi verið rætt um skuld við Búnaðarbankann, og ekki var vitninu kunnugt um 7,2 milljóna króna tryggingarbréf, sem hvíldi á eignunum.

Matthildur Gestsdóttir hefur staðfest, að hún hafi útbúið afsöl fyrir húsunum við Aðaltún. Ekki hafi verið rætt um, að kaupendur húsanna tækju að sér skuldir við Búnaðarbankann. Sér hafi ekki verið kunnugt um skuldina við Búnaðarbankann fyrr en síðar eða eftir að Kletthamrar hf., þar sem vitnið átti sæti í stjórn, höfðu reist hús á lóðunum, sem hlutfélagið keypti af þrotabúinu. Bústjóri þrotabúsins hafi upplýst sig um veðskuldina.

Bústjóri þrotabúsins hefur staðfest, að kaupendur húsanna við Aðaltún nr. 10, 12, 18, 22 og 26 hafi gert kröfur í þrotabúið vegna afhendingar-dráttar og vanefnda seljanda á kaupsamningum um ofangreindar eignir. Kaupendur hafi í nokkrum tilfellum lagt fram kostnaðarmat á þeim verkþáttum, sem ólokið var, þegar félagið varð gjaldþrota. Búið hafi ekki látið gera sérstakt mat á þessu, og hafi lýstar kröfur kaupenda ekki verið ve-fengdar.

Salvar Guðmundsson hefur upplýst, að hann hafi ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Byggingafélagsins Hamra hf. stofnað hlutafélagið Klett-hamra, og keypti það fimm byggingarlóðir af þrotabúinu. Einnig hafi Klett-hamrar hf. tekið að sér að ljúka við byggingar fyrir þá, sem keyptu húsín við Aðaltún af byggingafélaginu, sérstaklega fyrir Runólf Sigurðsson og Ólaf Höskuldsson.

Margeir Pétursson, lögfræðingur Búnaðarbankans, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að tryggingarbréfið á dskj. nr. 6 væri til komið vegna bankaviðskipta Byggingafélagsins Hamra hf. við útibú Búnaðar-bankans á Grundarfirði. Þar sem lausaskuldir voru töluverðar, hafi bankinn þurft að fá frekari tryggingar til að geta veitt fyrirtækinu áframhaldandi fyrirgreiðslu. Einnig hafi þetta verið gert vegna þess, að fyrirtækið flutti starfseminna suður. Ekki hafi verið unnt að veðsetja hverja lóð fyrir sig, vegna þess að á þeim tíma, er tryggingarbréfið var gefið út, hafi allar lóðirnar verið saman í veðmálabókum sem jarðarpartur. Þegar mögulegt væri að þinglýsa þessu á hverja lóð, áttu kaupendur að yfirtaka skuldina með eftirstöðvabréfum. Var fyrirhugað, að gengið yrði frá þessu, þegar lóðirnar væru orðnar veðhæfar. Sérstök skuldabréf hafi verið útbúin, og var ráðgert, að þeim yrði þinglýst á hverja lóð og kaupendur húsanna yfirtækju viðkomandi skuld. En áður en til þess kom, hefði byggingafélagið orðið gjaldþrota. Bankinn hefði ekki fengið neina vitneskju um afsólin fyrir húsunum fyrr en síðar. Bankinn hefði ekki haft samband við kaupendur vegna veðskuldarinnar, en þó hefði einn kaupenda haft samband við bankann í september 1988 og fengið staðfest, að veðið hvíldi á þessum lóðum. Eftir að bankinn gerði athugasemd við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, var veðið, 7,2 milljónir, fært inn á hverja lóð fyrir sig. Ábyrgðaryfirlýsing hefði verið útbúin, til þess að ákærði bæri einnig sjálfur persónulega ábyrgð á skuldinni við bankann, og einnig til, að fyrir lægi hvernig veðsetningin ætti að fara fram. Bankinn hefði nú höfðað mál fyrir viðkomandi dómstól í Hafnarfirði til viðurkenningar á veðréttinum.

Páll Guðjónsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, hefur komið fyrir dóm og staðfest, að skuldabréf fyrir gatnagerðargjöldum húsanna við Aðaltún 2-26 hafi ekki verið gefin út, og væru eftirstöðvar gatnagerðargjaldanna ógreiddar. Framvinda mála hafi orðið með öðrum hætti en til stóð. Ekki

hafi verið reynt að innheimta gjöldin hjá núverandi eigendum húsanna með sérstökum aðgerðum, en lögmanni bæjarins þó verið falið að gera kröfur vegna þeirra og gæta hagsmuna bæjarins í þessu efni. Byggingafélagið Hamrar hf. hafi fengið heimild til að nýta lóðirnar til skammtímaveðsetningar vegna framkvæmdaláns, sem það ætlaði að fá hjá Búnaðarbanka Íslands. Gatnagerðargjöldin væru tryggð með lögveði, er skyldi ganga framfar veði Búnaðarbankans. Venja væri að gefa ekki út lóðarleigusamninga, fyrr en hús væru fokheld, en flestir lóðarleigusamningar fyrir húsinn við Aðaltún 2-26 hefðu verið gefnir út í nóvember 1988. Húsin hefðu væntanlega verið þá fokheld. Ekki væri síður að geta um áhvílandi veðskuldir í lóðarleigusamningum, enda giltu þeir til lengri tíma, 50-75 ára eftir atvikum. Í flestum tilfellum væri lóðarleigusamningshafa, hvort sem er, kunnugt um veðsetningar, sem hafi verið heimilaðar fyrir útgáfu lóðarleigusamnings.

## VIII.

Málsástæður.

— — —

## IX.

Niðurstöður.

Ákærði var stjórnarformaður Byggingafélagsins Hamra hf. og bar því ábyrgð á að skila ríkissjóði söluskatti fyrir félagið. Eins og fram hefur komið í málinu, var Byggingafélagið Hamrar hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. nóvember 1988. Ákærða var ekki skylt að gera söluskattskýrslu fyrir nóvember 1988 fyrr en í desember og greiða söluskattinn fyrir 15. desember 1988. Ber því að leggja til grundvallar lækkaða upphæð í ákæru yfir álagðan ógreiddan söluskatt, úr 4.637.786 kr. í 4.063.503 kr. Þykir sannað með framburði ákærða og vitna svo og með þeim gögnum, sem fram eru lögð í málinu, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í A-lið I. kafla ákæru, að frádrægnum söluskatti fyrir nóvember 1988, eins og áður segir. Brotin þykja réttilega heimfærð til refsilagaákvæða, en sakir verður að telja miklar og því rétt að heimfæra brotið einnig til 6. mgr. 25. gr. söluskattslaga, eins og gert er í ákæru.

Þá verður að telja sannað með sömu rökum, að ákærði hafi framið brot þau, sem lýst er í B-lið sama kafla ákæru, að öðru leyti en því, að staðgreiðsla opinberra gjalda er áætluð fyrir októbermánuð 1988 523.287 kr. Ekki kemur fram í skjölum málsins, frá hvaða launamönnum staðgreiðslan er áætluð fyrir, og verður því að sýkna ákærða fyrir þetta brot. Þykir brotin rétt heimfærð til refsilagaákvæða, en sakir verður að telja miklar.

Samkvæmt þessu og 3. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sökin á tíu árum.

Í C-lið I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Við munnlegan flutning málsins var af ákæruvalds hálfu vísað til 74. og 75. gr., sbr. 84. gr. laganna, og 108. og 109. gr., sbr. 118. gr. nógildandi laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, er tóku gildi 8. júní 1988, en ákvæðin eru óbreytt. Málið var reifað að þessu leyti af hálfu sækjanda og verjanda við munnlegan málflutning. Jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu krafist refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggja fyrir ljósrit af launaseðlum þeirra launamanna, sem skyldusparnaður er tekinn af, nema af launamiða Magnúsar Rafnssonar vegna útborgunar til hans 8. september 1988. Í gögnum málsins kemur fram, að tilgreint er innlegg í sparisjóðsbók nr. 016248 8. september 1988, 32.084 kr., en það er sú sparisjóðsbók, sem Byggingafélagið Hamrar hf. hafði áður greitt laun hans inn á. Út frá þeirri tölu áætla Húsnæðisstofnun ríkisins, að skyldusparnaður af launum, útborguðum umræddan dag, hafi numið 5.845 kr. Ekki verður af gögnum málsins sannað, að svo hafi verið, og verður því að leggja til grundvallar lækkaða fjárhæð, sem því nemur, og lækkar hún úr 530.441 kr., eins og hún er í ákæru, í 524.596 kr. Einnig vantar launamiða Péturs Más Ólafssonar frá árinu 1987, en í gögnum málsins er ljósrit af launaframtali frá Hömrum hf., Grundarfirði, sem sýnir greiðslu skyldusparnaðar hans 1987. Á launamiða Davíðs Jónssonar tímabilið 20. 6.-4. 7. 1987 kemur fram frádráttur vegna sparimerkja, 7.022 kr., en sú fjárhæð er ekki innifalin í ákæru.

Rétt þykir að heimfæra brot ákærða í þessum lið ákæru til 74. gr., sbr. 84. gr. laga nr. 60/1984, og 108. gr., sbr. 118. gr. laga nr. 86/1988, og 3. gr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 92/1985, sem þykja tæma sök gagnvart 247. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. tl. 81. gr. alm. hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sökin á tveimur árum. Ákærði var ekki yfirheyrður um sakarefni þetta á fyrningartímanum, svo að fyrningarfrestur rofnaði, eins og 4. mgr. 82. gr. s. 1., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, mælir fyrir um. Verður ákærða því ekki dæmd refsing fyrir háttsemi þá, sem hann er sakaður um í þessum lið ákæru, sbr. 6. mgr. sömu lagagreinar.

Við athugun á FIT-skrá Byggingafélagsins Hamra hf. frá 1. september 1988 um tékkareikning 9093 kemur í ljós, að mjög algengt er, að félagið gefi út innstæðulausa tékka. Útibússtjóri Landsbankans, sem bar vitni, taldi, að engin heimild hefði verið af bankans hálfu fyrir yfirdrætti, þrátt fyrir það að ákærði héldi öðru fram. Hvað sem veldur, virðist bankinn ekki taka mjög hart á því, að reikningurinn sé yfirdreginn. Má því til stuðn-

ings benda á, að mikið er um, að tékkar séu lengur en tíu daga á FIT-skrá, sem ekki er í samræmi við sérstakar samstarfsreglur, er gilda á milli banka og sparisjóða. Hinn 12. september 1988 eru tólf tékkar eldri en tíu daga á FIT-skrá og þar af fjórir eldri en sextán daga. Reyndar hefur 21. október elsti tékkinn verið 52 daga á FIT-skrá. Hinn 31. október 1988 er lögð inn á tékkareikninginn fjárhæð, sem kemur í skil öllum eldri tékkum, og koma þá nýir tékkar inn á FIT-skrána.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um, að bankinn hafi á ofangreindu tímabili gert notanda tékkareikningsins viðvart um misnotkun tékka og hvaða afleiðingar það gæti haft, þ. e. lokun reikningsins ásamt lokun allra annarra tékkareikninga, sem notandi var prókúruhafi á, sbr. ákvæði í samstarfsreglum banka og sparisjóða um ávísanaviðskipti. Ákærði lokaði sjálfur tékkareikningi 9093 við Múlaútibú Landsbankans 21. nóvember 1991, sama dag og Byggingafélagið Hamrar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta.

Ekki kemur fram í gögnum málsins eða við yfirheyrslur, hvort þær 8.000.000 króna, sem Landsbanki Íslands hafði í tryggingar vegna viðskipta Hamra hf., hafi fullnægt þeim fjárkröfum, sem bankinn átti á hendur þeim, þegar til gjaldþrots kom.

Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að brot ákærða gagnvart Landsbankanum fullnægi ekki verknaðarlýsingu 248. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir sannað, að ákærði gaf út tékkana, sem lýst er í 1.-7. tl. D-liðar I. kafla ákæru, án þess að innstæða væri fyrir fjárhæðum þeirra. Teljast brotin í þessum liðum varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, en málið var reifað með tilliti til þess, að brotin gætu átt við ofangreint lagaákvæði. Ekki þykir frávísun koma til álita við brotum þessum, en eins og fram hefur komið, var útgáfa tékkanna kærð af Landsbankanum.

Ekki hefur tekist að upplýsa, hvort ákærði hefur sett Landsbankanum fullnægjandi tryggingar fyrir tékkunum, sem ákærði gaf út og notaði eins og lýst er í liðum 8-12 í sama lið ákæru. Staðfest er af hálfu bankans, að ákærði hafði ekki yfirdráttarheimild. Ákærði vissi, að ekki var næg innstæða á reikningnum, er hann notaði tékkana. Ákærði vísar til þess, að hann hafi átt von á 1.500.000 króna greiðslu frá Reykjavíkurböfn. Sú greiðsla ein og sér hefði ekki nægt á móti þeim innstæðulausu tékkum, sem voru á FIT-skrá tékkareiknings 9093. Upphæð þeirra nam 1.741.345,42 kr. án innheimtu-kostnaðar og dráttarvaxta. Ákærða mátti því vera ljóst, að óvíst var, hvort næg innstæða myndi vera fyrir tékkunum, er þeim yrði framvísað í banka, enda þótt greiðsla frá Reykjavíkurböfn hefði fengist. Þykir ákærði með þessu hafa framið brot þau, sem honum eru að sök gefin í þessum liðum ákæru, og eru brotin réttilega heimfærð til 248. gr. almennra hegningarlaga.

Brotið, sem lýst er í 13. tl. sama liðar ákæru, er réttilega heimfært til 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, og varðar það sektum eða þriggja mánaða fangelsi. Þar sem rannsókn hófst ekki vegna brotsins í samræmi við 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, fyrr en að liðnum þeim tíma, er 1. tl. 81. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, kveður á um, verður að telja sök að þessu leyti fyrnda, og verður ákærða ekki gerð refsing vegna brotsins, sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Varðandi úttekt Byggingafélagsins Hamra hf. hjá JL-Völundi hf. verður ekki unnt að sakfella ákærða fyrir að hafa tekið út vörur fyrir 211.407 kr. þegar af þeirri ástæðu, að ekki liggur fyrir reikningur eða önnur gögn, er sýni fram á þessa úttekt. Aðrar úttektir samkvæmt þessum lið ákæru þykja ekki hafa farið fram með þeim hætti, að varði við 248. eða 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi.

Þegar virt eru sakarefnin, sem lýst er í II. kafla ákæru, verður að líta til þess annars vegar, hvort ákærði hefur brotið gegn Búnaðarbankanum, eins og lýst er í ákæru, svo að varði við 2. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga, og hins vegar, hvort hann hefur beitt kaupendur húsanna við Aðaltún svikum, svo að varði við 248. gr. s. l.

Ákærði gaf út afsöl til kaupenda viðkomandi fasteigna við Aðaltún án þess að geta um veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi Búnaðarbanka Íslands. Í hverju afsali er þó tekið fram, að gengið verði frá skuldabréfi að loknum verkframkvæmdum. Ákærði heldur því fram, að til hafi staðið að ganga frá umræddum skuldum þannig, að kaupendur tækju að sér að greiða veðskuldina við Búnaðarbankann. Veðið hefur verið fært á hverja lóð í þinglýsingabók, og Búnaðarbankinn hefur höfðað mál á varnarþingi fasteignanna til viðurkenningar á veðréttinum. Eins og málið liggur nú fyrir, verður að telja ósannað, að veðréttur bankans hafi tapast fyrir aðgerðir ákærða eða aðgerðarleysi. Ekki er heldur unnt með sömu rökum að fallast á, að ákærði hafi brugðist því lofordi við bankann, að kaupendur tækju að sér að greiða veðskuldina. Verður því að sýkna hann af þeirri háttsemi, sem talin er varða við 2. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er, að ákærði skýrði kaupendum húsanna við Aðaltún ekki frá því, að umræddar fasteignir voru veðsettar Búnaðarbanka Íslands. Hann kom því ekki til leiðar, að gengið yrði frá skuldinni við bankann, þannig, að veðinu væri skipt á hverja fasteign fyrir sig, eins og fyrirhugað var, svo að unnt væri að aflýsa tryggingarbréfinu, sem aldrei stóð til, að kaupendur sætu uppi með. Í stað þess gaf ákærði út afsöl fyrir húsunum án samráðs við bankann og án þess að geta um veðsetningu til bankans við kaupendur. Er Byggingafélagið Hamrar hf. varð gjaldþrota, höfðu kaup-

endur ekki greitt kaupverð fasteignanna að fullu eða áttu að minnsta kosti í öllum tilfellum nema einu eftir að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kupaverðs, að fjárhæð 600.000 kr. hver, en byggingarframkvæmdum var þá ekki heldur lokið. Þrotabúið hefur ekki látið gera upp við kaupendur. Þegar þetta er virt svo og það, sem að framan er rakið að öðru leyti um veðréttindi Búnaðarbankans, verður að telja óvíst, hvort háttsemi ákærða kemur til að valda kaupendum fjártjóni. Er því ósannað, að ákærði hafi haft fé af kaupendum með því að leynd þá veðsetningunni með sviksamlegum hætti. Verður því að sýkna hann af þeirri háttsemi, sem talin er varða við 248. gr. almennra hegningarlaga í II. kafla ákæru.

Ákærði hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði var með dómi Hæstaréttar 27. febrúar 1990 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsb. þrjú ár, fyrir fjársvik. Hann hefur fjórum sinnum sæst á greiðslu sektar.]

Brot þau, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, eru öll framin, áður en sátt var gerð fyrir sakadómi Kópavogs 6. september 1989 og dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 27. febrúar 1990. Ber því að ákveða refsingu sem hegningarauka, sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin samkvæmt þessu og þeim lagaákvæðum, sem sakfelld er fyrir, fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. l. 22/1955. Þá ber einnig að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 6.500.000 kr. Verði sektin eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dóms að telja, komi eins árs fangelsi í stað hennar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar að hálfu á móti ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 140. gr. s. l., þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 450.000 kr., og þóknun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., sem einnig þykja hæfilega ákveðin 450.000 kr., og eru þær fjárhæðir ákveðnar án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Jens Þorvarðarsyni og Sigurði Stefánsyni, löggiltum endurskoðendum, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna þess, hve málið er umfangsmikið og vandasamt, og eins vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni, og fellur sá hluti

niður að þremur árum liðnum frá dómsbirtingu að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 6.500.000 kr., og komi eins árs fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björgvins Þorsteinssonar hrl., og þóknun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., að fjárhæð 450.000 kr. til hvors.

---